



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 27. febrúar 2026
2602652/502.01 GEF

Efni: Dalvegur 1, lóðarvilyrði. Ágrip.

Á fundi bæjarráðs 4. desember 2025 var samþykkt að bjóða Klasa ehf. til viðræðna um lóðarvilyrði fyrir lóðina að Dalvegi 1 til tveggja ára.

Klasi ehf. átti hlutskörpustu tillöguna um þróun lóðarinnar.

Lögð eru nú fyrir bæjarráð til samþykktar drög að lóðarvilyrði í samræmi við þá tilhögun sem samþykkt var í bæjarráði 27. febrúar 2025. Lagt er til að lóðarvilyrði verði veitt Klasa ehf. til tveggja ára frá samþykki bæjarráðs.

Skuldbindur Klasi ehf. sig til þess að vinna tillögu að breyttu deiliskipulagi í samræmi við vinningstillöguna og forsendur Kópavogsbæjar. Þá er gert ráð fyrir árlegri greiðslu sem nemur 10% af samþykktu byggingarréttargjaldi, sem tekur breytingum í samræmi við þróun byggingarvísitölu. Er greiðslan óafturkræf falli lóðarvilyrðið niður af ástæðum sem ekki má rekja eingöngu til Kópavogsbæjar. Þá er gert ráð fyrir að eftirstöðvar byggingarréttargjalds skuli greitt við samþykkt deiliskipulags og útgáfu lóðarleigusamnings.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

